

Nd.

72. Frumvarp

til stjórnarskipunarlaga um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands,
18. maí 1920.

(Lagt fyrir Alþingi 1933).

1. gr.

26. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 50 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

a. 32 í einmennings- og tvímenningskjördæmum þeim, sem nú eru. Kosning þeirra er óhlutbundin. Skipta má tvímenningskjördæmum með lögum.

Deyi þingmaður, kosinn í þessum kjördæmum, á kjörtímanum eða fari frá, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

b. 6 í Reykjavík og jafnmargir til vara samtímis. Kosning þeirra er hlutbundin.

c. Allt að 12 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti sem næst samræmi við atkvæðatölu þá, sem greidd er þingmannaefnum flokksins samtals við almennar kosningar. Kosningu hljóta, eftir reglum kosningalaga, þau þingmannaefni utan Reykjavíkur, sem hlutfallslega flest atkvæði hafa fengið án þess að ná kosningu í kjördæmi. Ef slíkur þingmaður deyr eða fer frá á kjörtímabilinu, tekur varamaður sæti eftir sömu reglum.

Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

27. gr. stjórnarskrárinnar verði þannig:

Alþingi skiptist í tvær deildir, efri þingdeild og neðri þingdeild. Á þriðjungur þingmanna sæti í efri deild, en tveir þriðju hlutar í neðri deild. Verði tala þingmanna þannig, að ekki sé unnt að skipta til þriðjunga í deildirnar, eiga þeir þingmenn, einn eða tveir, sem umfram eru, sæti í neðri deild.

3. gr.

28. gr. stjórnarskrárinnar falli niður.

4. gr.

29. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 28. gr., verði þannig:

Kosningarrétt við kosningar til Alþingis hafa allir, karlar sem konur, sem eru 21 árs eða eldri, þegar kosning fer fram, hafa ríkisborgararétt hér á landi og

hafa verið búsettir í landinu síðustu fimm árin áður en kosning fer fram. Þó getur enginn átt kosningarétt, nema hann hafi óflekkað mannorð og sé fjár síns ráðandi.

Gift kona telst fjár síns ráðandi, þótt hún eigi óskilið fjárlag með manni sínum.

Kosningalög setja að öðru leyti nánari reglur um alþingiskosningar.

5. gr.

Fyrri málsgrein 30. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 29. gr., skal orða þannig:

Kjörgengur við kosningar til Alþingis er hver ríkisborgari, sem kosningarétt á til þeirra.

6. gr.

Síðari málsgrein 38. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 37. gr., skal orða þannig:

Frumvarp til fjárlaga og fjáraukalaga skal leggja fyrir sameinað þing og afgreiða þar við 3 umræður.

7. gr.

40. gr. stjórnarskrárinnar, sem verður 39. gr., skal orða þannig:

Ekkert lagafrumvarp, að fjárlögum og fjáraukalögum undanskildum, má samþykkja fyrr en það hefir verið rætt þrisvar sinnum í hvorri þingdeild.

8. gr.

2. og 3. töluliður ákvæða stjórnarskrárinnar um stundarsakir falli niður, en í stað þeirra komi nýr 2. töluliður, svo hljóðandi:

Umboð þingmanna fellur niður, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og fara þá fram almennar kosningar til Alþingis.

Greinargerð.

Með flutning þessa frumvarp er af stjórnarinnar hálfu gerð tilraun til að koma á samkomulagi milli stjórn málaflökkanna um afgreiðslu kjördæmamálsins. Frv. felur það tvennt í sér, að haldið er óbreyttri núverandi kjördæmaskipun og jafnaður atkvæðisrétturinn með uppbótarþingsætum. Tala uppbótarþingmanna, sem koma í stað landkjörinna þingmanna, má ekki fara fram úr 12, en getur verið lægri, þegar jöfnuður næst með lægri tölu. Auk þess er 2 þingsætum bætt við Reykjavík. Ef halda á núverandi kjördæmaskipun óbreyttri, þá verður ekki jafnað til á annan veg en með nokkurri þingmannafjölgun. En sá sparnaður, sem af því leiðir, að ræða fjárlög eingöngu í sameinuðu þingi, gerir meir en að vega upp á móti.

Í framsögu verður gerð nánari grein fyrir málinu.